

20.03.17

Umsögn um Húsnæði Listaháskóla Íslands.

143. mál, þingsályktunartillaga. 146. löggjafarþing 2016-2017.

Ég lýsi yfir stuðningi við þingsályktunartillögu Pírata um húsnæði Listaháskóla Íslands. Sjálf er ég nemandi við sviðslistadeild skólans, á leikarabraut, og þykir húsnæði skólans, við Sölvhólsgötu 13, óviðunandi. Fyrir utan þá staðreynd að margir nemendur skólans á þessum stað hafa fundið fyrir verulegum heilsufarsvanda þá er húsnæðið einfaldlega of lítið til að rýma þær deildir sem þarna stunda nám. Rýmin eru of fá, of lítil og hljóðmengun á milli deilda (Sviðslistar- og Tónlistardeildar) mikil. Allt þetta hefur áhrif á vinnuframlag nemenda, bæði sem skólinn krefst af nemendum og það sem þeir einfaldlega vilja leggja á sig til að uppskera sem best á þeim þrem árum sem BA-námið er.

Virðingarfyllst,

Berglind Halla Elíasdóttir